



Fjölís

SKÝRSLA STJÓRNAR –  
GAGNSÆISSKÝRSLA 2019 -2020

## YFIRLIT YFIR STARF STJÓRNAR MAÍ 2019-APRÍL 2020

Á aðalfundi Fjölís þann 16. maí 2019 var ný stjórn skipuð yfir félagið.

### **Aðalstjórn (stjórnarmenn eru jafnframt varamenn fulltrúaráðs) er þannig skipuð:**

Halldór Þ. Birgisson, formaður f.h. FÍBÚT  
Ragnar Th. Sigurðsson, varaformaður f.h. Myndstefs  
Sigurlaug Kr. Sverrisdóttir, f.h. Hagþenkis  
Sindri Freysson, f.h. RSÍ  
Páll Ragnar Pálsson, f.h. STEF  
Hjálmar Jónsson, f.h. Bláðamannafélags Íslands  
Gylfi Garðarsson, f.h. Síftóns

### **Varamenn, sem jafnframt eru aðalmenn fulltrúaráðs, eru:**

Egill Örn Jóhannsson, f.h. FÍBÚT  
Knútur Bruun, f.h. Myndstefs  
Friðbjörg Ingimarsdóttir, f.h. Hagþenkis  
Karl Ágúst Úlfsson, f.h. RSÍ  
Guðrún Björk Bjarnadóttir f.h. STEFs  
Arndís Þorgeirdóttir, f.h. Bláðamannafélags Íslands  
Björgvin Þ. Valdimarsson, f.h. Síftóns

Framkvæmdastjóri er Helga Sigrún Harðardóttir.

Fjölís er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd réttihafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annari hliðstæðri eftirgerð. Heimild Fjölís er að finna í gr. 26.b. höfundalaga nr. 73/1972 og samþykktum fyrir Fjölís nr. 494/1985, með síðari breytingum, sem staðfestar eru af mennta- og menningarmálaráðherra.

Stjórnarhættir Fjölís eru þannig að stjórn félagsins er skipuð fulltrúum allra aðildarféлага. Framkvæmdastjóri fer með daglegan rekstur félagsins í samráði við og undir eftirliti stjórnarformanns og skv. samþykktum félagsins. Stjórnarfundir eru haldnir skv. ákvörðun stjórnar.

Fjölís veitir samningskvaðaleyfi skv. samningum, innheimtir tekjur vegna þeirra og úthlutar aðildarsamtökum sínum að frádregnum 12% til hefðbundins rekstrar, s.s. launakostnaðar, skrifstofurekstrar, fundahalda, viðhalds á heimasíðu o.þ.h. Ekki er um annars konar frádrátt frá tekjum að ræða, s.s. vegna félagslegrar, menningartengdrar eða menntunartengdrar þjónustu. Enginn annar rekstur er á vegum félagsins og engar aðrar einingar tengjast rekstri félagsins.

Skv. ákvörðun stjórnar Fjölís, stendur félagið ekki fyrir úthlutun til réttihafa sjálfra, heldur renna fjármunir sem tilheyra persónugreinanlegum réttihöfum til aðildarfélaganna sem sjá sjálf um að úthluta þeim í samræmi við 15. gr. laga um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019 og almenna stefnu um réttindagreiðslur til réttihafa, umsýslukostnað og frádrætti aðra en vegna umsýslukostnaðar.

## 1 FUNDIR OG HELSTU VERKEFNI

Frá aðalfundi, 16. maí 2019 hafa verið haldnir þrjú hefðbundnir stjórnarfundir en tíðni funda ræðst af verkefnum skv. ákvörðun stjórnar. Stjórnarformaður fór á árlegan fund norrænna systursamtaka í Færeyjum í september 2019 og stjórnarformaður og framkvæmdastjóri á aðalfund ífrró í Edinborg í Skotlandi í nóvember 2019.

Verkefni starfsársins fólust í, auk hefðbundinnar innheimtu og úthlutunar, að ljúka endurnýjun stóra skólasamningsins við menntamálaráðuneytið, samningagerð við Landssamband karlakóra, hefja samningaviðræður við Stjórnarráðið um endurnýjun eldri samnings og hefja undirbúning að sameiginlegum fundi norrænna systursamtak Fjölís, sem áætlanir gera ráð fyrir að haldinn verði hér á landi í ágúst 2020. Þá var heimasíða félagsins endurnýjuð og uppfærð.

Þá hefur staðið yfir vinna við gerð reglna um tekjuúthlutun, meðferð ágreiningsmála og við breytingar á samþykktum Fjölís til að uppfylla kröfur til félagsins skv. lögum nr. 88/2019. Þær hafa verið ræddar á stjórnafundum Fjölís. Reglur sem krefjast samþykktar fulltrúaráðs eða stjórnar verða lagðar fram á aðalfundi til samþykktar auk viðeigandi breytinga á samþykktum. Samþykktar stefnur auk endurskoðaðs ársreiknings og skýrslu stjórnar, sem jafnframt er gagnsæisskýrsla verða birtar á heimasíðu félagsins að loknum aðalfundi. Í fyrsta sinn munu stjórnarmenn meta frammistöðu sína og munu niðurstöður þess mats liggja fyrir um mitt ár 2020.

Starfshlutfall framkvæmdastjóra hefur frá árinu 2017 verið 30% vegna minnkaðs umfangs við samningagerð og innheimtu. Almennt séð er lítil breyting á tekjuflæði á milli ára, samningar hafa allir verið endurnýjaðir nema einn og frádráttur frá tekjum er 12% skv. ákvörðun stjórnar.

Í kafla 2 má finna upplýsingar um tekjur félagsins og gjöld. Í kafla 3 er að finna upplýsingar um úthlutanir fjármuna að frádregnum umsýslukostnaði. Í kafla 4 er að finna yfirlit yfir stöðu samningamála og í kafla 5 er gefið yfirlit yfir verkefni framundan.

## 2 TEKJUR OG GJÖLD

### 2.1 TEKJUR

Tekjur vegna stóra skólasamningsins eru sem fyrr stærsti einstaki tekjuliður vegna samninga Fjölíss. Hann nær til endurgjalds fyrir afritun í öllu skólakerfinu þ.m.t. einkaskólum, tónlistarskólum og háskólum. Tekjur ársins 2019 voru sem hér segir;

	2019	2018
<i>Grunn-, framhalds- og -háskólar</i>	115.700.000	111.460.000
<i>Stjórnarráð Íslands og stofnanir þess</i>	0*	9.700.000
<i>Sveitarfélög</i>	8.572.191	8.435.228
<i>Kirkjuráð</i>	873.396	855.833
<i>Kórar</i>	2.399.792	0
<i>Erlend fjölföldun</i>	2.099.600	2.289.139
<b><i>Samtals tekjur vegna samninga</i></b>	<b>129.644.979</b>	<b>131.884.367</b>
Afskriftir og leiðréttingar	0	0
Vextir og gengismunur	288.294	765.283
Fjármagnstekjuskattur	-17.264	-168.340
	271.030	596.943
<b>Samtals tekjur</b>	<b>129.373.949</b>	<b>132.481.310</b>

\* Viðræður við Stjórnarráðið um endurnýjun samninga hófust á árinu 2018. Í árslok 2019 lá fyrir ákvörðun um að endurnýja samninginn óbreyttan í tvö ár á meðan unnið væri að endurnýjun. Greiðsla berst þó ekki fyrir en á árinu 2020.

### 2.2 GJÖLD

	2019	2018
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	4.152.832	3.321.087
<i>Stjórnarlaun</i>	4.474.600	4.077.550
<i>Rekstrarkostnaður skrifstofu/félagsins</i>	3.943.386	3.823.260
<i>Afskriftir og leiðréttingar</i>	0	0
<b><i>Samtals rekstrarkostnaður</i></b>	<b>12.570.818</b>	<b>11.221.897</b>

Rekstrarkostnaður nam á árinu 2019 9,6 % af tekjum félagsins og hefur lækkað úr 17,8% frá árinu 2015.

### 3 ÚTHLUTUN TIL AÐILDARFÉLAGA OG ERLENDRA RÉTTTHAFASAMTAKA

Yfirlit yfir úthlutanir í kafla 3 tekur mið af innheimtu og úthlutun samningstekna vegna tekna ársins 2019. Í því felst að munur getur verið á yfirliti í þessari skýrslu og úthlutun í endurskoðuðum ársreikningi þar sem í einstökum tilvikum getur verið um að ræða að samningar eru gerðir afturvirkir og greiðslur þar með. Dæmi um það er greiðsla fyrir Stjórnarráðssamninginn sem barst í upphafi árs 2019 en var vegna notkunar á árinu 2018. Þrátt fyrir að hafa verið innheimt á árinu 2019 er hún ekki tilgreind í meðfylgjandi yfirliti.

#### 3.1 STÓRI SKÓLASAMNINGURINN

Greiðsla frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, vegna samnings um ljósritun í skólum nam 115.700.000 kr. Frádráttur vegna rekstrarkostnaðar nam 5% en ekki 12%, vegna fjárhagsstöðu, skv. tillögu framkvæmdastjóra sem samþykkt var í október. Í því felst að úthlutun var rúmlega 8 milljónum kr. hærrí. Í október 2019 var úthlutað 91.713.617 kr. til innlendra réttthafa. Erlend úthlutun að fjárhæð 18.201.384 kr. fór fram í desember s.á. eða samtals 109.915.001 kr. Úthlutun var eftirfarandi skv. gagnkvæmnissamningum við erlend systursamtök og skv. samkomulagi aðildarfélaga þar um:

Aðildarfélag:	Hlutdeild mismunandi eftir skólastigum	kr.
Erlendir réttthafar		18.201.384
<b>FÍBÚT</b>		20.270.756
<b>Blaðamannafélag Íslands</b>		3.040.074
<b>Hagþenkir</b>		31.097.262
<b>Myndstef</b>		20.074.331
<b>Rithöfundasamband Íslands</b>		9.171.362
<b>STEF</b>		7.331.986
<b>Sítón</b>		727.846
<b>Samtals</b>		<b>109.915.001</b>

#### 3.2 STJÓRNARRÁÐ

Engar greiðslur bárust vegna Stjórnarráðssamningsins vegna notkunar á árinu 2019. Samkomulag náðist í árslok um endurnýjun á óbreyttum forsendum til tveggja ára á meðan samningurinn verður tekinn til gagn Gerrar endurskoðunar. Greiðsla fer þó ekki fram fyrir en á árinu 2020 þar sem gera þarf nýjan samning og ferlið í stjórnsýslunni er orðið flóknara og tímafrekara en áður.

### 3.3 KIRKJURÁÐ

Greiðslur vegna samnings við Kirkjuráð námu 873.396 kr. á árinu 2019. Í desember var 768.588 kr. úthlutað, þ.a. 693.40 kr. innanlands skv. samkomulagi aðildarféлага þar um og 75.188 kr. skv. samningum við erlend systursamtök:

<i>Aðildarfélag:</i>	<i>% hlutdeild innanlands</i>	<i>kr.</i>
<i>Erlendir réttihafar</i>		75.188
<b>FÍBÚT</b>	9,35	64.833
<i>Blaðamannafélag Íslands</i>	1	6.934
<i>Hagþenkir</i>	1	6.934
<i>Myndstef</i>	2	13.868
<i>Rithöfundasamband Íslands</i>	13	90.142
<i>STEF</i>	67,4	467.352
<i>Sítón</i>	6,25	43.338
<b>Samtals</b>	100	<b>768.588</b>

### 3.4 KÓRAR

Greiðslur vegna samninga við kóra á árinu 2018 námu 2.399.792 kr. Úthlutun til innlendra aðildarsamtaka, samtals 1.520.508 kr. fór fram í október og erlendra samtaka, samtals 591.309 kr. í desember.

<i>Aðildarfélag:</i>	<i>% hlutdeild innanlands</i>	<i>kr.</i>
<i>Erlendir réttihafar</i>		591.309
<b>FÍBÚT</b>	9,35	142.168
<i>Blaðamannafélag Íslands</i>	1	15.205
<i>Hagþenkir</i>	1	15.205
<i>Myndstef</i>	2	15.205
<i>Rithöfundasamband Íslands</i>	13	334.512
<i>STEF</i>	67,4	903.182
<i>Sítón</i>	6,25	95.032
<b>Samtals</b>	100	<b>1.520.508</b>

### 3.5 STJÓRNSÝSLA SVEITARFÉLAGA

Innheimtar voru á árinu 8.572.191 kr. skv. rammamningi um stjórnsýslu og rekstur sveitarfélaga. Úthlutun, sem fram fór í ágúst 2019 nam 7.543.528 kr., þ.a. 6.847.542 kr. til innlendra réttihafa og 695.986 kr. til erlendra réttihafa.

<i>Aðildarfélag:</i>	<i>% hlutdeild innanlands</i>	<i>kr.</i>
<i>Erlendir réttihafar</i>		695.986
<b>FÍBÚT</b>	29	1985.787
<i>Blaðamannafélag Íslands</i>	18	1.232.558
<i>Hagþenkir</i>	39	2.670.541
<i>Myndstef</i>	11	753.230
<i>Rithöfundasamband Íslands</i>	2	136.951
<i>STEF</i>	1	68.475
<b>Samtals</b>	100	<b>7.543.528</b>

### 3.6 ERLENDAR TEKJUR

Greiðslur til íslenskra réttihafa vegna gagnkvæmnisamninga við erlend systursamtök námu 2.099.600 kr. á árinu 2019. Fyrir mistök, vegna tvítalningar greiðslu frá Kopinor, að upphæð 533.089 kr. varð úthlutun vegna þeirra hærrí en tekjurnar og nam 2.223.228 kr. Greiðslan skiptist með eftirfarandi hætti skv. gildandi skiptingu um sambærilega samninga innanlands. Aðallega er um að ræða afritun í skólum.

<i>Aðildarfélag:</i>	<i>% hlutdeild innanlands</i>	<i>kr.</i>
<b>FÍBÚT</b>		511.343
<i>Blaðamannafélag Íslands</i>		77.813
<i>Hagþenkir</i>		811.478
<i>Myndstef</i>		522.459
<i>Rithöfundasamband Íslands</i>		222.323
<i>STEF</i>		66.697
<i>Sítón</i>		11.116
<b>Samtals</b>	100	<b>2.223.228</b>

### 3.7 HEILDARÚTHLUTUN 2019

Heildarúthlutun Fjölís á innheimtum tekjum ársins 2018 nam 122.562.166 kr. eða tæplega 95% af innheimtum tekjum. Úthlutun innanlands nam 102.998.298 kr. eða 84 % af heildarúthlutun. 15,9% af tekjum Fjölís rennur þannig til erlendra réttthafa skv. samningum þar um. Heildarúthlutun skiptist með neðangreindum hætti á milli erlendra réttthafa, aðildarfélaganna og einstaklinga innanlands:

<b>Aðildarfélag:</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
<b>VG WORT, DE</b>	1.004.230	921.810
<b>CopyDan, DA</b>	1.391.089	1.164.204
<b>Bonus Copyright Access, SE</b>	2.459.181	1.396.467
<b>Copyright Licensing Agency, UK</b>	6.849.460	6.177.963
<b>Copyright Clearance Center, USA</b>	6.655.949	6.435.600
<b>Kopinor</b>	1.203.959	1.030.109
<b>FÍBÚT</b>	22.974.887	22.907.908
<b>Blaðamannafélag Íslands</b>	4.372.584	5.394.310
<b>Hagþenkir</b>	34.601.420	34.288.998
<b>Myndstef</b>	21.379.093	20.106.131
<b>Rithöfundasamband Íslands</b>	9.955.290	8.814.477
<b>STEF</b>	8.837.692	7.219.861
<b>Sítón</b>	877.332	700.688
<b>Einstaklingsúthlutun</b>		762.799
<b>Samtals</b>	<b>122.562.166</b>	<b>117.321.325</b>

## 4 SAMNINGAMÁL

Ekki kom til synjunar á árinu á beiðni um leyfisveitingu sbr. 5. mgr. 26. gr. d höfundalaga

### 4.1 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Samningur sem tekur til alls menntastarfs í landinu var endurnýjaður á árinu, til þriggja ára.

### 4.2 KÓRAR

Eftir viðræður sem stóðu frá 2015 og könnun á afritun höfundaréttarvarins efnis í starfsemi kóra, lá fyrir samkomulag við Landssamband blandaðra kóra og Gígjuna, landssamband blandaðra kóra um n.k. regnhlífssamning þar sem samböndin undirgangast skuldbindingar gagnvart Fjölís f.h. sinna aðildarkóra. Landssamband karlakóra samþykkti á árinu 2019 sambærilegan rammisamning og hófust innheimtur skv. honum á árinu.

### 4.3 KIRKJURÁÐ

Samningur frá 2016 er í gildi. Hann endurnýjast sjálfkrafa þar til honum verður sagt upp. Ósk um endurnýjun barst frá Kirkjuráði í mars 2020 og stefnt er að endurskoðun forsendna hans á árinu.



## 4.4 SVEITARFÉLÖG

Öll sveitarfélög hafa undirritað nýjan samning um afritun höfundaréttarvarins efnis við Fjöls. Endurnýjast þeir samningar sjálfkrafa þar til þeim verður sagt upp.

## 4.5 STJÓRNARRÁÐIÐ

Undanfarin ár hefur innheimta á samningi við Stjórnarráðið kallað á talsverða effirfylgd. Greiðslan er ekki lengur sérgreind á fjárlögum eins og áður var og þar sem upphæðin er tengd verðtryggingu sem reiknuð er út af ríkinu (verðtrygging á rekstrarkostnaði í Stjórnarráðinu) þarf að kalla effir þeim útreikningum árlega. Undir áramót 2018-2019, þegar fyrirspurnum og ítrekunum þar um hafði verið beint að Stjórnarráðinu í 4-5 mánuði, án þess að svör fengjust, sendi Stjórnarráðið loks töluna og óskaði eftir fundi um endurnýjun samningsins. Viðræður hófust á árinu og lyktaði með samkomulagi um að gerður yrði samningur til endurnýjunar til tveggja ára og á þeim tíma myndi fara fram heildarendurskoðun. Greiðsla skv. samkomulaginu vegna ársins 2019 berst á árinu 2020 að lokinni endurnýjun.

## 5 ERLENT SAMSTARF

### 5.1 NORRÆNN STÓRFUNDUR Í FÆREYJUM

Stjórnarformaður sat norrænan stórfund sem haldinn var í Færeyjum í september 2019. Dagskrá fundarins var með hefbundnu sniði og rætt var um tengsl höfundaréttar við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, um milliríkjasaminga á sviði höfundaréttar og heildarleyfissaminga auk Evróputilskipunar sem nú er unnið að því að taka upp á Norðurlöndunum.

Framkvæmdastjóri hefur jafnframt verið í góðu sambandi við norræn systursamtök og lfrro vegna breytinga á löggjöf sem varða annars vegar auknar kröfur til höfundaréttarsamtaka sem fara með umboð höfunda og útgefenda til samningsgerðar og hins vegar breytingar á grunnhöfundarétti þar sem mörg ríki standa frammi fyrir þeim veruleika að löggjafi hefur verið að bæta við undanþágum til notkunar á höfundaréttarvörðu efni, án þess að endurgjald komi fyrir. Hefur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir réttshafa, sem geta orðið af verulegum tekjum vegna þess.

### 5.2 AÐRIR ALÞJÓLEGIR FUNDIR

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu aðalfund lfrro í Edinborg í Skotlandi í nóvember 2019 þar sem fundað var með systursamtökum ýmissa landa og sérstakur fundur um Evrópumálefni sóttur þar sem rætt var um breytingar sem fylgja fram komnum frumvörpum um breytingu á evrópulöggjöf. Á fundum sem þessum er jafnan skipst á upplýsingum og reynslu manna af samningagerð og samskiptum við viðsemjendur.

## 6 VERKEFNI FRAMUNDAN

Stefnt hefur verið að því að halda norrænan stórfund í Reykjavík 24. og 25. ágúst 2020 og hefur undirbúningur staðið undanfarnar vikur og mánuði. Vegna kórónaveirufaraldursins sem skaut sér niður í upphafi árs 2020 og óvissu honum tengdri er óljóst hvort þeim fundi verður frestað eða hann haldinn með öðru sniði. Til stendur að halda ársfund Ifrro í Singapúr í október/nóvember 2020 en óljóst er um það hvort hann verður haldinn.

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á rekstri Fjölís í samræmi við samþykkt stjórnar þar um. Framkvæmdastjóri, í hlutastarfi, sinnir útreikningum, reikningagerð og innheimtu gjalda auk þess að fylgja eftir nýgerðum samningum og gerð nýs samnings við Stjórnarráðið. Í ár bætist svo við skipulagning, undirbúningur og framkvæmd fundar með systursamtökum á Norðurlöndunum. Þá er fylgst með breytingum á löggjöf eftir þörfum og innlendum og erlendum fyrirspurnum svarað auk þjónustu við aðildarfélög v. upplýsingagjöf og annað tilfallandi.

Undirbúningur hefur staðið undanfarnar vikur og mánuði til að uppfylla nýjar kröfur til félagsins skv. tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2014/26/ESB um sameiginlega umsýslu höfundaréttar og skyldra réttinda o.fl. sem tóku gildi 1. janúar 2020. Nú eru gerðar ríkar kröfur um gagnsæi, meðferð fjármuna sem ekki er unnt að ráðstafa til einstaklinga, að fá löggilta endurskoðendur til að endurskoða ársreikning, kalla eftir upplýsingum frá stjórnarmönnum um hagsmunaráreikstra og endurskoða þarf samþykktir Fjölís svo eitthvað sé nefnt. Þá þarf menntamálaráðuneytið að gefa út viðurkenningu til Fjölís sem hagsmunasamtaka höfundaréttarsamtaka í samræmi við breytingar á höfundalögum frá árinu 2106. Af því hefur ekki orðið þar sem ekki hafa verið settar nýjar reglur um slíka viðurkenningu í ráðuneytinu.

Það er fagnaðarefni hve góður árangur hefur náðst við rekstur Fjölís og samningagerð þar sem innheimtar tekjur hafa aukist stöðugt undanfarin ár, eða sem nemur 25% frá árinu 2015 og að á sama tíma hefur verið unnt að draga saman kostnað við rekstur félagsins um ríflega 40%.

17. apríl 2020



Halldór P. Birgisson  
formaður